



Landsvirkjun



ALCOA

# Sjálfbærni- verkefni

Mælingar á árangri Alcoa og Landsvirkjunar  
við byggingu og rekstur Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjunar

Áfangaskýrsla  
Framkvæmdaáætlun

Febrúar 2006



**Sjálfbærni-verkefni -  
Mælingar á efnahagslegum, félagslegum og  
umhverfislegum áhrifum Kárahnjúkavirkjunar og  
Fjarðaáls**

**Áfangaskýrsla: Framkvæmdaáætlun**



## EFNISYFIRLIT

	Bls.
1.0 INNGANGUR.....	4
2.0 FERLI VIÐ ÁKVÖRÐUN MARKMIÐA, VIÐMIÐA OG VÖKTUNAR.....	5
2.1 Ferli við ákvörðun markmiða, viðmiða og vöktunar .....	5
2.2 Breytingar á vísum og mælikvörðum frá áfangaskýrslu.....	8
3.0 VÖKTUNARÁÆTLUN, MARKMIÐ OG VIÐMIÐ.....	11
4.0 NÆSTU SKREF .....	11
4.1 Áfangi IV - Framkvæmd.....	11
4.2 Upplýsingamiðlun.....	
VIÐAUKI 1: Tafla sem gefur yfirlit yfir markmið og viðmið .....	12
Listi yfir skammstafanir og tákn .....	29
VIÐAUKI 2: Vöktunaráætlun .....	30

## Töflur

	Bls.
Tafla 1 - Mælikvarðar sem eru án markmiða.....	6
Tafla 2 - Breytingar á vísum og mælikvörðum frá áfangaskýrslu .....	8



## 1.0 INNGANGUR


Í þessari skýrslu eru dregnar saman niðurstöður úr þriðja áfanga sjálfbærni-verkefnis Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi og er um leið kynnt framkvæmdaáætlun fyrir fjórða áfanga. Áætlunin var upphaflega kynnt sem drög í nóvember 2006 til að gefa áhugasömum tækifæri til að koma ábendingum á framfæri varðandi þau markmið og þær áætlanir um vöktun sem fyrirtækin hafa sett sér.

Fyrsta og öðrum áfanga sjálfbærni-verkefnisins var lokið í apríl 2005. Afrakstur þeirrar vinnu var þróun á vísu og mælikvörðum fyrir Fjarðaál og Kárahnjúkavirkjun ásamt útgáfu skýrslunnar: *Sjálfbærni-verkefni: Mælingar á árangri Alcoa og Landsvirkjunar við byggingu og rekstur Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjunar. Áfangaskýrsla – vísar og grunnástand.* Sá áfangi sem nú er unnið að í sjálfbærni-verkefninu er þriðji áfangi sem felur í sér eftirfarandi þætti:

- Að skilgreina hlutverk einstaklinga og/eða stofnanna sem bera ábyrgð á að veita upplýsingar um vísa og mælikvarða
- Samráð við utanaðkomandi aðila við markmiðasetningu og ákvarðanir um vöktun í þeim tilfellum sem við á.
- Setning markmiða um árangur og gera áætlanir um vöktun.
- Skipulagning upplýsingafundar fyrir áhugasama til að ræða um spurningar sem kunna að vakna og ábendingar vegna markmiða og vöktunaráætlunar.
- Undirbúningur framkvæmdaáætlunar þar sem ferlinu við vinnu í áfanga III er lýst og niðurstöður kynntar.

Myndin á næstu síðu gefur yfirlit yfir þá þætti sem koma til framkvæmda í hverjum hinna fjögurra áfanga sjálfbærni-verkefnisins og hvenær vinna fer fram við hvern áfanga fyrir sig.

## Sjálfbærni-verkefni: verklag



## 2.0 FERLI VIÐ ÁKVÖRÐUN MARKMIÐA, VIÐMIÐA OG VÖKTUNAR

### 2.1 Ferli við ákvörðun markmiða, viðmiða og vöktunar

Fyrsta skrefið við að þróa markmið, viðmið og að ákveða hvernig vöktun yrði háttað, var að finna út hvaða starfssvið innan Alcoa og Landsvirkjunar bæru ábyrgð á einstökum mælikvörðum. Þessi starfssvið munu bera ábyrgð á að vöktun fari fram með þeim hætti sem lýst er í framkvæmdaáætlun (eða eftir endurskoðaðri lýsingu ef við á). Þau hafa jafnframt það hlutverk að senda upplýsingar úr vöktun til ritstjóra framvinduskýrslna á hverju ári eða eins oft og kveðið er á um fyrir hvern mælikvarða.

#### *Markmið og viðmið*

Í þessu verkefni fela markmið í sér tölulegt gildi eða þróun í ákveðna átt. Viðmið eru skilgreind út frá viðurkenndum stöðlum sem hægt er að bera markmið saman við. Viðmið setja líka markmiðin og niðurstöður úr vöktun í ákveðið samhengi. Bæði íslenskir (þar sem þeir voru til) og alþjóðlegir staðlar og leiðbeiningar voru valdir sem viðmið, eftir því sem við átti hverju sinni. Í sumum tilfellum er ekki hægt að finna nein viðmið við hæfi þar sem sumir mælikvarðar eru einstakir fyrir viðkomandi framkvæmdir.

Í sumum tilfellum voru sett mismunandi markmið eftir því hvort um er að ræða byggingartíma eða rekstrartíma virkjunar og álvers. Sem dæmi má benda á markmið fyrir vísu um hljóðmengun við álverið, þar sem gert er ráð fyrir meiri hávaða á byggingartíma en eftir að rekstur hefst. Þá er stundum munur á milli markmiða eftir því hvort fyrirtækið á í hlut. Þetta skýrist m.a. af því að markmið sem tengjast framkvæmdum á Austurlandi þurfa jafnframt að vera í takt við almenn markmið í starfsemi viðkomandi fyrirtækis. Yfirlit yfir markmið fyrir einstaka vísa er að finna í Viðauka 1.

Alcoa og Landsvirkjun setja markmið fyrir þá mælikvarða þar sem áhrif framkvæmda eru bein en markmið og viðmið fyrir þá mælikvarða sem framkvæmdir hafa óbein eða afleidd áhrif á eru sett í samráði við verktaka, hagsmunaaðila og sérfræðinga á viðkomandi sviðum. Ekki eru sett nein markmið fyrir átta mælikvarða (sjá töflu 1). Þessir þættir verða engu að síður vaktaðir með reglulegum mælingum og upplýsingum skilað eins og lýst er í vöktunaráætlun í Viðauka 2. Í viðbót við þessa átta mælikvarða sem hafa engin markmið eru einnig nokkrir mælikvarðar sem hafa einungis markmið sem eiga við um rekstrartíma, en verða samt vaktaðir líka á byggingartíma. Ástæða þess að ekki eru markmið fyrir byggingartímanna er sú að vinna var þegar hafin við framkvæmdir áður en sjálfbærni verkefnið hófst og því ekki hægt að setja markmið aftur í tímann.



**Tafla 1. Mælikvarðar sem eru án markmiða**

Vísir	Hvað er mælt?	Ástæða þess að markmiði er sleppt
5.1 Menntun og þjálfun starfsfólks Fjarðaáls og Landsvirkjunar	Hlutfall vinnutíma sem starfsfólk Fjarðaáls og Landsvirkjunar notar árlega í þjálfun vegna vinnu.	Bæði fyrirtækin bjóða starfsmönnum sínum upp á þjálfun og möguleika til menntunar. Þjálfun og menntun eru þó ekki markmið í sjálfu sér, heldur fremur leiðir að því markmiði að bæta hæfni og árangur. Því var ekki talið rétt að setja markmið fyrir þennan vísir en upplýsingum verður safnað og þeim miðlað.
6.2 Fasteignaverð	Meðalverð fasteigna á Austurlandi og á landsvísu borið saman við breytingar á meðaltekjum.	Það er ekki viðeigandi að fyrirtæki eða sveitarfélög setji markmið varðandi fasteignaverð en upplýsingum verður safnað og þeim miðlað.
11.1 Útflutningur Fjarðaáls	Nettó útflutningur Fjarðaáls sem hlutfall af árlegum útflutningi frá Íslandi (krónur á ári).	Þar sem hlutfall útflutnings Fjarðaáls af heildarútflutningi fer ekki aðeins eftir starfsemi álversins heldur einnig eftir starfsemi í öðrum atvinnugreinum var ekki talið við hæfi að setja markmið fyrir þennan vísir. Upplýsingum verður safnað og þeim miðlað.
12.1 Vinnumarkaður	Hlutfall nýrra starfsmanna Fjarðaáls og Landsvirkjunar sem eru við ráðningu: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Íbúar Austurlands</li> <li>• Brottluttir Austfirðingar</li> <li>• Aðrir starfsmenn búsettir á Íslandi</li> <li>• Erlendir starfsmenn búsettir utan Íslands</li> </ul>	Markmið ekki viðeigandi.
14.1 Virðisauki við þjóðarframleiðslu	Virðisauki, í íslenskum krónum, sem framkvæmdir skapa á Íslandi vegna launa, opinberra gjalda, kaupa á aðföngum og vergs hagnaðar innlendra aðila.	Niðurstöður fara eftir ýmsum þjóðhagsstærðum sem fyrirtækin geta ekki haft áhrif á.
14.2 Magn vöru og þjónustu framleitt á Íslandi	Hlutfall vöru og þjónustu (mælt í verðgildi í íslenskum krónum) sem Fjarðaál, Landsvirkjun og verktakar kaupa á Íslandi	Alcoa, Landsvirkjun og verktakar hafa öll þá stefnu að taka hagstæðasta tilboði þegar aðföng eru keypt. Því er ekki viðeigandi að setja tölulegt markmið en upplýsingum verður safnað og þeim miðlað.
24.3 Fuglar á Úthéraði	Atferli lóms – fjöldi skipta sem fulgar sækja fæði í Lagarfljót og fjöldi skipta sem þeir sækja fæði út á haf	Markmið er ekki viðeigandi þar sem náttúruleg sveifla getur verið í fæðuöflun og breytingar geta orðið vegna ýmissa þátta sem ekki snerta framkvæmdirnar. Grunnrannsóknir frá 2004 og 2005 benda einnig til að lómurinn sækji fæðu sínu fyrst og fremst í hafid.
28.1 Botndýralíf sjávar	Botnset. Stærð og dreifing korna í setsýnum.	Ekki fyrirfinnst eitthvert ákveðið ástand sem er endilega talið æskilegast hvað varðar botnset og stærð korna; æskilegar aðstæður geta verið mismunandi fyrir ólíkar tegundir og farið eftir öðrum umhverfisþáttum á viðkomandi stað. Upplýsingum verður safnað og þeim miðlað. Þessi mælikvarði tengist beint öðrum mælikvarða fyrir vísir 28.1 <i>Fjölbreytni og þéttleiki botndýra á völdum söfnunarstöðum</i> , þar sem markmið hefur verið sett.

## Vöktunaráætlun

Alcoa og Landsvirkjun höfðu samráð við sérfræðinga bæði innan fyrirtækjanna og utan vegna vinnu að vöktunaráætlun. Í þeim tilfellum þar sem mæla á þætti sem talið er að munu verða fyrir beinum áhrifum af framkvæmdum var einkum unnið að vöktunaráætlun innan fyrirtækjanna (t.d. fjöldi tapaðra vinnustunda og ánægja starfsfólks). Þau starfssvið fyrirtækjanna sem bera ábyrgð á viðkomandi vísi unnu áætlun í samvinnu við önnur starfssvið innan Fjarðaáls og Landsvirkjunar eins og við átti hverju sinni (t.d. samvinna starfsmannastjóra og deilda sem hafa umsjón með umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismálum). Þessi vinna fól einnig í sér samráð við verktaka sem starfa við virkjunar- og álversframkvæmdir og söfnun upplýsinga frá þeim varðandi þá mælikvarða sem eiga við um byggingar- og rekstartíma. Fyrir þá mælikvarða (beina, óbeina og afleidda) sem kölluðu á sérfræðipækkingu og upplýsingar frá utanaðkomandi aðilum (t.d. margir þættir sem varða umhverfisáhrif virkjunar og ýmsir samfélagslegir mælikvarðar), áttu ráðgjafar og starfsfólk Landsvirkjunar og Fjarðaáls samráð við sérfræðinga til að þróa vöktunaráætlun. Þeir utanaðkomandi aðilar sem ráðgast var við fyrir gerð þessarar framkvæmdaáætlunar voru m.a.:

- Samband sveitarfélaga á Austurlandi, SSA (Þorvaldur Jónsson og Soffía Lárusdóttir)
- Þróunarstofa Austurlands (Stefán Stefánsson)
- Menningarráð Austurlands
- Byggðastofnun (Halldór V. Kristjánsson)
- Gallup
- Námsmatsstofnun
- Umhverfisstofnun (Björn Stefánsson)
- Náttúrufræðistofnun (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl.)
- Veiðimálastofnun (Guðni Guðbergsson)
- Hafrannsóknarstofnun (Karl Gunnarsson)
- Landbúnaðarháskóli Íslands (Hlynur Óskarsson)
- Landmælingar Íslands (Kolbeinn Árnason)
- Orkustofnun (Kristinn Einarsson og Hákon Aðalsteinsson)
- Sorpeyðing Mið-Héraðs (Anna Björk Hjaltadóttir)
- Cornell University (Dr. Len H. Weinstein)
- University of Newcastle (Professor Alan W. Davison)

Auk þessa samráðs var einnig farið yfir starfsleyfi Fjarðaáls (Umhverfisstofnun, 2003) og vinnuáætlun Fjarðaáls fyrir umhverfisvöktun (Alcoa, 2005) þar sem búið var að setja upp vöktunar- og tímaáætlun.

## 2.2 Breytingar á vísum og mælikvörðum

Ferlið við að þróa markmið og vöktunaráætlun, leiddi til eftirfarandi breytinga á þeim vísum og mælikvörðum sem voru þróaðir í fyrsta og öðrum áfanga sjálfbærni- og kynntir í skýrslunni: *Sjálfbærni- og kynntir: Mælingar á árangri Alcoa og Landsvirkjunar við byggingu og rekstur Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjunar. Áfangaskýrsla – vísar og grunnástand.*

**Tafla 2. Breytingar á vísum og mælikvörðum frá áfangaskýrslu.**

Upprunalegur vísir	Upprunalegur mælikvarði	Breyting	Ástæða breytingar
6.2 Framfærslu-kostnaður	Meðal fasteignaverð á Austurlandi og á landsvísu borið saman við breytingar á meðaltekjum	Nafn vísis breytt úr „framfærslukostnaður“ í „fasteignaverð“	Nafni á vísir var breytt til að hann væri meira lýsandi fyrir mælikvarða.
7.1 Heilbrigðisþjónusta í nálægum byggðum	Aðgengi að heilsugæslu og gæði þjónustunnar á Austurlandi	a) Breyting á nafni á vísir: Opinber þjónusta í nálægum byggðum  b) Umorðum á upphaflegum mælikvarða: Ánægja íbúa til heilbrigðisþjónustu á Austurlandi  c) Nýr mælikvarði bætist við: Ánægja íbúa með opinbera þjónustu í sveitarfélögum	a) Aðlögun svo nafn á vísir eigi við báða mælikvarða (líka þann sem bæt看 var við)  b) Breytingartillaga frá Heilbrigðisstofnun Austurlands sem hefur umsjón með þessum mælikvarða  c) Skýr ósk frá þátttakendum á upplýsingafundi að bæta við mælikvarða af þessum toga.
7.2 Gæði skóla	Niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk á Austurlandi á landsvísu	4. og 7. bekk bæt看 við mælikvarða. Breytt í: Niðurstöður samræmdra prófa í grunnskóla (4., 7. og 10 bekk) á Austurlandi sbr. á landsvísu).	Bætti við niðurstöðum úr 4. og 7. bekk til að fá heildstæðari niðurstöður varðandi gæði skóla.
8.1 Öryggi íbúa	Engin breyting á upprunalegum mælikvarða	Nafni á vísir breytt í: Samfélagsleg velferð  Mælikvarði fyrir vísir 8.2 er bæt看 við þenna vísir þar sem vísir 8.2 fellur út	Viðleitni að gera samhengi milli vísir og mælikvarða skýrara. Þátttakendum á upplýsingafundi fannst að einn mælikvarði um fíkniefnanotkun gæfi einungis takmarkaða mynd af samfélagslegu álagi.
8.2 Samfélagslegt álag	Fjöldi fíkniefnaafbrot miðað við höfðatölu á Austurlandi í samanburði við landið í heild.	Vísir tekinn út og mælikvarði færður undir vísir 8.1 (Samfélagsleg velferð).	Sjá skýringu hér að ofan

Upprunalegur vísir	Upprunalegur mælikvarði	Breyting	Ástæða breytingar
14.2 Magn vöru og þjónustu framleitt á Austurlandi og á Íslandi.	Hlutfall vöru og þjónustu (mælt í verðgildi í íslenskum krónum) sem Fjarðaál og Landsvirkjun kaupa af fyrirtækjum á Austurlandi og það hlutfall sem keypt er á Íslandi.	„Austurland“ fjarlægt úr heiti vísis og mælikvarða.	Mælikvarða breytt þar sem ekki er raunhæft að flokka á milli aðfanga á Íslandi og þeirra sem koma frá Austurlandi sérstaklega.
16.1 Hljóðmengun í Reyðarfirði	Meðal hljóðstyrkur (mælt í desibilum) á ákveðnum mælistöðum við álver og í Reyðarfirði.	Nafni á vísir breytt í: Hljóðmengun við Fjarðaál og í Reyðarfirði  Mælikvarða skipt í tvennt:  Meðal hljóðstyrkur á ákveðnum mælistöðvum við álver  Meðal hljóðstyrkur á ákveðnum mælistöðvum í Reyðarfirði	Engin efnisleg breyting heldur breyting til að skýrar komi fram að hljóðmengun verði mæld bæði við álver á í Reyðarfirði.
17.1 Rykmistur	Ákoma ryks á nokkrum stöðum við Háslón og í byggð. Mælieining er ákoma ryks á mánuði.	Á eingöngu við enska útgáfu: Tekið út að skoða eigi uppruna ryks.	Tekið út að fylgjast eigi með uppruna ryks þar sem ekki er til stöðluð aðferð við að mæla slíkt.
19.1 Uppsöfnun aurs í Háslóni	Magn (m3) aurs sem safnast upp á 10 ára tímabili.  Kornastærð aurs í lónbotni.	Mælikvarði fjarlægður:  „Kornastærð aurs í lónbotni“	Var ekki talið eiga við til að fylgjast með því málefni sem þessi vísir átti að ná yfir (miðlunarrými Háslóns)
21.1 Flúor í gróðri	Styrkur F ( $\mu\text{g}/\text{kg-DW}$ ) í gróðri (beitarsvæði sauðfjár og ber) í völdum gróðurreitum í ákveðinni fjarlægð frá álveri.	Breytt í: „Styrkur F in gróðri (þar með talið á beitasvæðum sauðfjár) í völdum gróðurreitum í ákveðinni fjarlægð frá álveri.“	Eftir samráð við sérfræðinga var mælieining tekin burt úr mælikvarða og einnig að flúor verði mælt í berjum. (Alan W. Davisson & Len H. Weinstein)

Upprunalegur vísir	Upprunalegur mælikvarði	Breyting	Ástæða breytingar
23.1 Magn og meðhöndlun úrgangs á byggingar- og rekstrartíma.	Heildarmagn úrgangs sem er urðað (í tonnum).  Heildarmagn kerbrota á hvert framleitt tonn af áli (kg/tonn).	Sami mælikvarði er áfram notaður fyrir álverið en nýjum mælikvarða hefur verið bætt við fyrir byggingartíma virkjunar: Heildarmagn sorps sem er skilið eftir/urðað á virkjunarsvæði  Breytt í: „Kerbrót sem eru endurnotuð/endurunnin árlega (hlutfall af heild).“	Bætt við mælikvarða til að aðlaga betur að markmiðum Landvirkjunar (ekki á móti urðun, en hafa að markmiði að; að lámarki uppfylla flokkunarmöguleika sem viðkomandi sveitarfélag býður upp á)  Mælikvarða breytt til að hann nái betur yfir vísinn sem er magn og meðhöndlun sorps.
26.2 Áfok við Háslón	Rúmmál áfoksgeira sem berast upp fyrir austurströnd lönsins  Mat á magni áfoksefna, þar sem áfok er ekki í afmörkuðum geirum heldur þynnri þekju (þykkun jarðvegs)	Fyrri mælikvarði óbreyttur  Síðari mælikvarði fjarlægður: „Mat á magni áfoksefna, þar em áfok er ekki í afmörkuðum geirum heldur þynnri þekju (þykkun jarðvegs).“	Talið var að þessi mælikvarði væri endurtekning á því sem mælt verður í 26.1 – Gróður á Vesturöræfum.
26.3 Uppgræðsla lands	Flatarmál uppgrædds lands á Norður-Héraði og í Fljótsdal, metið á fimm ára fresti.	Mælikvarða breytt í: Flatarmál uppgrædds lands í Fljótsdalshéraði og Fljótsdalshreppi, metið á fimm ára fresti.	Aðlögun vegna sameiningar Fellahrepps, Norður-Héraðs og Austur-Héraðs í eitt sveitarfélag: Fljótsdalshérað.
27.1 Vatnalíf í Jökulsá á Dal, Lagarfljóti og þverám	Tveir af upprunalegum mælikvarðar voru teknir út og nýjir hannaðir, þar sem hinir upprunalegu mælikvarðar voru tillögur sem voru lagðar fram áður en samráði við sérfræðinga var lokið.  Þriðji upprunalegi mælikvarðin er óbreyttur: Skráning Veiðimálastofnunar á veiði í ám, fjöldi fiska.	Tegundasamsetning og ástand fiskjar í Lagarfljóti (bleikja og urriði).	Mælikvarða breytt eftir samráð við sérfræðinga á Veiðimálastofnun og Hákon Aðalsteinsson á Orkustofnun.
		Tegundasamsetning og útbreiðsla fiska í Jökulsá á Dal og Lagarfljóti og hliðarám þeirra (lax).	Sama skýring og að ofan.
28.1 Botndýralíf sjávar	Engin breyting á mælikvörðum	Vísir breytt í: Botndýralíf sjávar í Héraðsflóa	Til að forðast misskilning þar sem vöktun mun einnig eiga sér stað á vistkerfi sjávar í Reyðarfirði, nálægt álveri (vísir 22.1)

### **3.0 VÖKTUNARÁÆTLUN, MARKMIÐ OG VIÐMIÐ**

Þau markmið og viðmið sem lögð eru fram eru kynnt í Viðaukum 1 og 2. Viðbótarupplýsingar um vöktunaráætlanir er hægt að nálgast hjá Fjarðaáli og Landsvirkjun.

### **4.0 NÆSTU SKREF**

#### **4.1 Áfangi IV - Framkvæmd**

Fjórði áfangi, Framkvæmd, felur í sér mælingar og miðlun upplýsinga um þróun vísanna og mælikvarðanna, og aðgerðir ef breytingar kalla á viðbrögð. Alcoa og Landsvirkjun hafa skuldbundið sig að hefja vinnu við framkvæmdaráfanga verkefnisins strax árið 2006 og áætla að halda áfram með þann áfanga meðan virkjun og álver eru í rekstri. Framkvæmd í fjórða áfanga sjálfbærni-verkefnisins er á ábyrgð þeirra Tómasar Sigurðssonar, forstjóra Fjarðaáls, og Friðriks Sophussonar, forstjóra Landsvirkjunar. Þeir bera ábyrgð á því að fylgst sé með breytingum á vísnum og mælikvörðum og að gripið sé til viðeigandi ráðstafanna í tíma ef mælingar sýna að markmiðum sé ekki náð. Ef fyrrnefndir starfsmenn hætta í starfi sínu munu eftirmenn þeirra taka ábyrgð á framkvæmd sjálfbærni-verkefnisins.

#### **4.2 Upplýsingamiðlun**

Árið 2006 munu Alcoa and Landsvirkjun undirbúa og dreifa fyrstu framvinduskýrslu sjálfbærni-verkefnisins sem sýnir þróun frá árinu 2005. Þar mun m.a. koma fram:

- Niðurstöður úr vöktun á vísnum sem eiga við um byggingartíma.
- Samanburður á niðurstöðum við sett markmið.
- Lýsing á hugsanlegum aðgerðum til að snúa við neikvæðri þróun
- Aðrir þættir sem þykja skipta máli varðandi framkvæmdir og verkefnið

Framvinduskýrslur sjálfbærni-verkefnisins verða sendar áhugasömum hagsmunaaðilum og einnig gerðar aðgengilegar á heimasíðum fyrirtækjanna, [www.alcoa.is](http://www.alcoa.is) og [www.lv.is](http://www.lv.is).

Frá árinu 2007 og þar til sjálfbærni-verkefnið er á enda munu Alcoa og Landsvirkjun undirbúa og dreifa árlegri framvinduskýrslu. Framvinduskýrslan mun innihalda svipaðar upplýsingar og lýst er hér að ofan ásamt upplýsingum um þá vísa sem einungis eiga við um rekstartíma.

Á því tímabili sem sjálfbærni-verkefnið stendur yfir munu fyrirtækin endurskoða vísa og mælikvarða og aðlaga þá ef ástæða þykir til að tryggja að þeir gagnist sem best við að mæla árangur fyrirtækjanna í þeirri viðleitni að fylgja eftir stefnumiðum sínum sjálfbæra þróun.

## Sjálfbærni-verkefni Alcoa og Landsvirkjunar - Samantekt á markmiðum og viðmiðum

Vísir	Mælikvarði	Áhrif framkvæmda	Markmið	Viðmið	Athugasemdir/Upplýsingaveita
1.1 Lýðfræðilegar breytingar á Austurlandi	Kyn- og aldurssamsetning á Austurlandi borið saman við landið í heild	Afleidd	Jafnvægi í kyn- og aldurssamsetningu á Austurlandi borið saman við aldursdreifingu á landsvísu með aðhvarfsstuðulinn ( $r^2$ ) = 1.0	Kyn- og aldurssamsetning á landsvísu (árið 2004): $r^2 = 0.913$	Hagstofa Íslands www.hagstofan.is  Byggðastofnun
	Íbúafjöldi á Austurlandi	Afleidd	Aukinn íbúafjöldi á Austurlandi	Íbúafjöldi landsins	Hagstofa Íslands www.hagstofan.is
2.1 Kynjahlutfall í vinnuafli Fjarðaáls og Landsvirkjunar	Hlutfall karla og kvenna sem starfa hjá Fjarðaáli og Landsvirkjun samanbórið við kynjahlutföll á landsvísu: <ul style="list-style-type: none"> <li>Stjórnun</li> <li>Skrifstofustörf</li> <li>Iðnaðarstörf/ófaglærðir</li> <li>Störf sem krefjast verkfræði- og tæknikunnáttu</li> <li>Heildarfjöldi starfsmanna</li> </ul>	Bein	<b>Byggingartími:</b> Markmið á ekki við. Verktakar munu vakta og miðla upplýsingum.  <b>Rekstartími:</b> <u>Virkjun:</u> Allir starfsmenn 67%kk/33%kvk árið 2010  <u>Álver:</u> Allir starfsmenn 50%kk/50%kvk árið 2015	Þátttaka karla og kvenna á atvinnumarkaði á landsvísu	Hagstofa Íslands www.hagstofan.is
	Hlutfall milli launa karla og kvenna í Fjarðaáli og Landsvirkjun miðað við tegund starfa	Bein	<u>Virkjun:</u> jafnt <u>Álver:</u> jafnt	Hlutfall milli launa karla og kvenna eftir starfsgreinum á landsvísu	
3.1 Ánægja starfsfólks Fjarðaáls og Landsvirkjunar	Könnun Fjarðaáls og Landsvirkjunar meðal starfsfólks um ánægju með starf og vinnustað	Bein	<u>Virkjun:</u> 4,2 eða hærra á mælikvarða Gallup (vera á bláu svæði í styrkleikabili)  <u>Álver:</u> Vera meðal fimm hæstu á landsvísu í könnun VR	Alþjóðlegir staðlar Gallup um ánægju í starfi - skali 1-5  Blátt (best): 4.2 eða hærra Grænt (miðlungs) : 3.7-4.2 Rautt (lágt): 3.69 eða lægra	

## Sjálfbærni-verkefni Alcoa og Landsvirkjunar - Samantekt á markmiðum og viðmiðum

Vísir	Mælikvarði	Áhrif framkvæmda	Markmið	Viðmið	Athugasemdir/Upplýsingaveita
4.1 Öryggi starfsfólks Fjarðaáls og Landsvirkjunar	Fjöldi tilkynnta vinnuslysa á ári vegna Kárahnjúkavirkjunar og Fjarðaáls	Bein	<p><b>Byggingartími:</b>  <u>Virkjun:</u> Fjöldi slysa stöðugur eða þeim fækka með tímanum (frá áramótum 2005/2006)</p> <p><u>Álver:</u> Ekkert skráð slys.</p> <p><b>Rekstrartími:</b>  <u>Virkjun og álver:</u> Ekkert skráð slys.</p>	Meðaltal iðngeirans: 11 skráð slys á hverja milljón vinnustunda (IAI)	<p>Bygging virkjunar: Strangar öryggiskröfur voru settar í útboðsgögnum fyrir virkjunina. Núll viðmið voru þó ekki sett. Þar sem bygging er þegar hafin, eru viðmið ekki sett aftur í tímann.</p> <p><a href="http://www.world-aluminium.org/iai/publications/performance_graphs/img001.jpg">http://www.world-aluminium.org/iai/publications/performance_graphs/img001.jpg</a></p> <p>IAI 2004. Sustainability Update 2004 Aluminum for Future Generations</p>
	Fjöldi skráðra tapaðra vinnustunda vegna vinnuslysa hjá Landsvirkjun, Fjarðaáli og verktökum.	Bein	<p><b>Byggingartími:</b>  <u>Virkjun</u> - helst stöðugt eða minnkar með tímanum  <u>Álver</u> - engin slys sem leiða til fjarvista frá vinnu</p> <p><b>Rekstrartími:</b>  <u>Virkjun</u> - engin slys sem leiða til fjarvista frá vinnu  <u>Álver</u> - engin slys sem leiða til fjarvista frá vinnu</p>	Meðaltal áliðnaðarins: 3 tapaðir vinnudagar á hverja milljón vinnustundir (IAI)	<a href="http://www.world-aluminium.org/iai/publications/performance_graphs/img001.jpg">http://www.world-aluminium.org/iai/publications/performance_graphs/img001.jpg</a>
5.1 Menntun og þjálfun starfsfólks Fjarðaáls og Landsvirkjunar	Hlutfall vinnutíma sem starfsfólk Fjarðaáls og Landsvirkjunar notar árlega í þjálfun vegna vinnu	Bein	<p><u>Virkjun:</u> Markmið á ekki við. Munu hafa eftirlit og gefa skýrslu.</p> <p><u>Álver:</u> Markmið á ekki við. Munu vakta og miðla upplýsingum.</p>		Viðmið fyrir álver eru e.t.v. gefin upp í ársskýrslu ASTD: „State of the industry report“ og í „International comparisons report“.



## Sjálfbærni-verkefni Alcoa og Landsvirkjunar - Samantekt á markmiðum og viðmiðum

Vísir	Mælikvarði	Áhrif framkvæmda	Markmið	Viðmið	Athugasemdir/Upplýsingaveita
	Menntun starfsfólks í álveri (eftir kynjum) í samanburði við menntun utan höfuðborgarsvæðisins og menntun á landsvísu (könnun á fimm ára fresti): <ul style="list-style-type: none"> <li>Hlutfall með háskólagráðu</li> <li>Hlutfall með iðnmenntun</li> <li>Hlutfall með stúdentspróf</li> </ul>	Óbein	Menntunarstig starfsmanna jafnt eða hærra en á landsvísu	Menntunarstig á landsvísu	Hagstofa Íslands: <a href="http://www.hagstofan.is">www.hagstofan.is</a>
6.1 Tekjur íbúa	Meðaltekjur á Austurlandi bornar saman við meðaltekjur á landsvísu	Afleidd	Jafnt eða hærra en meðaltal á landsvísu	Meðaltal á landsvísu	Hagstofa Íslands: <a href="http://www.hagstofan.is">www.hagstofan.is</a>
	Meðaltekjur starfsfólks Fjarðaáls og Landsvirkjunar í samanburði við störf í öðrum atvinnugreinum á Íslandi	Bein	Markmið í vinnslu	Meðaltal á landsvísu	Hagstofa Íslands: <a href="http://www.hagstofan.is">www.hagstofan.is</a>
6.2 Fasteignaverð	Meðalverð fasteigna á Austurlandi og á landsvísu borið saman við breytingar á meðaltekjum	Óbein	Markmið á ekki við	Próun á landsvísu	Fasteignamat ríkisins: <a href="http://www.fmr.is">www.fmr.is</a> Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)
7.1 Heilbrigðisþjónusta á Austurlandi	Aðgengi að heilsugæslu og gæði þjónustunnar á Austurlandi	Afleidd	Niðurstöður stöðugar eða batni	Niðurstöður úr könnun á landsvísu	Heilbrigðisstofnun Austurlands
	Ánægja íbúa með opinbera þjónustu í sveitarfélögum	Afleidd	Verður ákvarðað í samvinnu við sveitarfélög þegar niðurstöður úr fyrstu könnun liggja fyrir.	Niðurstöður úr fyrstu könnun	Gallup
7.2 Gæði skóla	Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk á Austurlandi og á landsvísu	Afleidd	Meðaleinkunnir á Austurlandi hærri eða jafnháar meðaltali á landsvísu.	Niðurstöður á landsvísu	Námsmatsstofnun: <a href="http://www.namsmat.is">www.namsmat.is</a>
	Niðurstöður samræmdra prófa í framhaldsskólum á Austurlandi og á landsvísu	Afleidd	Meðaleinkunnir á Austurlandi hærri eða jafnháar meðaltali á landsvísu.	Niðurstöður á landsvísu	Námsmatsstofnun: <a href="http://www.namsmat.is">www.namsmat.is</a>

## Sjálfbærni Alcoa og Landsvirkjunar - Samantekt á markmiðum og viðmiðum

Vísir	Mælikvarði	Áhrif framkvæmda	Markmið	Viðmið	Athugasemdir/Upplýsingaveita
	Hlutfall grunnskólakennara án réttinda á Austurlandi borið saman við á landsvísu	Afleidd	Hlutfall réttindalausra kennara á Austurlandi lægra eða jafn og á landsvísu.	Hlutfall á landsvísu	Hagstofa Íslands: <a href="http://www.hagstofan.is">www.hagstofan.is</a>
8.1 Samfélagsleg velferð	Fjöldi auðgunarbrot, líkamsárása og skemmdarverka miðað við höfðatölu í lögregluumdæmum á Austurlandi og á landsvísu	Afleidd	Tíðni afbrota á Austurlandi lægri en tíðni afbrota á landsvísu	Upplýsingar um grunnástand á Austurlandi og á landsvísu.	Ríkislögreglustjóri ( <a href="http://www.logreglan.is">www.logreglan.is</a> )
	Slysatíðni á fjölda ekinna kílómetra á eftirtöldum leiðum: <ul style="list-style-type: none"> <li>Egilsstaðir - Reyðarfjörður</li> <li>Fáskrúðsfjörður - Reyðarfjörður</li> <li>Egilsstaðir - Hallormsstaðaskógur</li> </ul>	Afleidd	Fjöldi slysa (á hverja milljón ekinna km) minni eða jöfn viðmiðunargildi  Slysatíðni er reiknuð út frá fjölda slysa og eignum km sem mælakerfi Vegagerðarinnar vaktar.	Upplýsingar um grunnástand varðandi slystatíðni.	Vegagerð ríkisins <a href="http://www.vegagerdin.is">www.vegagerdin.is</a>
	Fjöldi fíkniefnabrot miðað við höfðatölu á Austurlandi í samanburði við landið í heild	Afleidd	Fjöldi afbrota (á 10.000 íbúa) færri eða jöfn viðmiðunargildi	Upplýsingar um grunnástand varðandi fíkniefnabrot	Ríkislögreglustjóri ( <a href="http://www.logreglan.is">www.logreglan.is</a> )
9.1 Samfélagsleg virkni starfsfólks Fjarðaáls	Hlutfall starfsmanna Fjarðaáls nota í samfélagsverkefni sem Alcoa styrkir	Bein	60 prósent starfsmanna sem hafa tekið þátt í samfélagsverkefnum Alcoa (Action, Bravo, Week of Service)		
10.1 Framboð á menningarviðburðum	Fjöldi menningarviðburða á ári á Austurlandi	Afleidd	Fjöldi menningarviðburða meiri eða jafn viðmiðunargildi	Upplýsingar um grunnástand.	Menningarráð Austurlands
11.1 Útflutningur Fjarðaáls	Nettó útflutningur Fjarðaáls sem hlutfall af árlegum útflutningi frá Íslandi (krónur og USD á ári)	Óbein	Markmið á ekki við. Verður vakt að og upplýsingum miðlað.		

## Sjálfbærniverkefni Alcoa og Landsvirkjunar - Samantekt á markmiðum og viðmiðum

Vísir	Mælikvarði	Áhrif framkvæmda	Markmið	Viðmið	Athugasemdir/Upplýsingaveita
12.1 Vinnumarkaðurinn	<p>Hlutfall nýrra starfsmanna Fjarðaáls og Landsvirkjunar sem eru við ráðningu:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Íbúar Austurlands;</li> <li>• Brottluttir Austfirðingar;</li> <li>• Aðrir starfsmenn búsettir á Íslandi; og</li> <li>• Erlendir starfsmenn búsettir utan Íslands</li> </ul>	Bein	<b>Byggingar- og rekstartími:</b> Markmið á ekki við. Upplýsingum verður miðlað.		Hugsanlega þarf að aðlaga mælikvarða fyrir byggingartíma þar sem þær upplýsingar sem eru tiltækar frá Impregilo takmarkast við fjölda Íslendinga, Evrópubúa og þeirra sem búa utan Evrópu. Ekki er skýrt hvort upplýsingar verða tiltækar frá öðrum verktökum við virkjun en Bechtel mun útvega upplýsingar varðandi byggingartíma álvers.
	<p>Fjöldi og hlutfall starfa í lykilatvinnugreinum á Austurlandi og á landsvísu.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Landbúnaður</li> <li>• Fiskveiðar</li> <li>• Fiskvinnsla</li> <li>• Iðnaður</li> <li>• Veitustarfsemi</li> <li>• Byggingaiðnaður</li> <li>• Verslun og viðgerðarþjónusta</li> <li>• Hótel- og veitingarekstur</li> <li>• Samgöngur og flutningar</li> <li>• Fjármálaþjónusta</li> <li>• Fasteigna- og viðskiptaþjónusta</li> <li>• Opinber stjórnslá</li> <li>• Fræðslustarfsemi</li> <li>• Heilbrigðis- og félagsþjónusta</li> </ul>	Óbein	<b>Rekstartími:</b> Viðhalda fjölbreytileika í atvinnulífi	<p>Próun á landsvísu</p> <p>Nota Hachman vísitöluna til að reikna út fjölbreytileika á Austurlands samanborið við efnahagslega fjölbreytni á landsvísu.</p> <p>Árið 2003 var Hachman vísitalan fyrir Austurland, í samanburði við Ísland í heild, 0.64 (þar sem 1.00 janfgildir að fjölbreytileiki sé janfmikill).</p>	<p>Hagstofa Íslands <a href="http://www.hagstofan.is">www.hagstofan.is</a></p> <p>Hachman vísitala: <a href="http://www.qualityinfo.org/olmisj/ArticleReader?itemid=00002037&amp;segmentid=0002&amp;tour=0&amp;p_date=1">http://www.qualityinfo.org/olmisj/ArticleReader?itemid=00002037&amp;segmentid=0002&amp;tour=0&amp;p_date=1</a></p>

## Sjálfbærni Alcoa og Landsvirkjunar - Samantekt á markmiðum og viðmiðum

Vísir	Mælikvarði	Áhrif framkvæmda	Markmið	Viðmið	Athugasemdir/Upplýsingaveita
	Hlutfall vinnuafis á Austurlandi sem starfar fyrir Fjarðaál og Landsvirkjun	Óbein	<b>Rekstrartími:</b> Hlutfall mun minnka með tímanum	Á ekki við	
12.2 Atvinnuleysi	Atvinnuleysi á Austurlandi og á landsvísu	Afleidd	Hlutfall atvinnulausra á Austurlandi minna eða jafn hlutfalli á landsvísu	Hlutfall atvinnulausra á landsvísu	Vinnumálastofnun <a href="http://www.vinnumalastofnun.is">www.vinnumalastofnun.is</a>
13.1 Ferðaþjónusta	Hlutfall starfa á ári í hótél- og veitingarekstri á Austurlandi og á landinu öllu.	Afleidd	Hlutfall starfa í ferðaþjónustu á Austurlandi hærra eða jafnt hlutfalli á landsvísu	Hlutfall starfa í ferðaþjónustu á landsvísu	Hagstofa Íslands <a href="http://www.hagstofan.is">www.hagstofan.is</a>
	Fjöldi gistinguáttu í hótélum/gistiheimilum á ári á Austurlandi	Afleidd	Aukning í fjölda gistinguáttu á Austurlandi hlutfallslega meiri eða jöfn aukningu á landsvísu	Hlutfall á landsvísu	Hagstofa Íslands <a href="http://www.hagstofan.is">www.hagstofan.is</a>
	Fjöldi farþega í flugi til og frá Egilsstöðum	Afleidd	Fjölgun farþega miðað við grunnástand.	Breytingar á leiðinni Reykjavík-Akureyri-Reykjavík (til að átta sig á hvort aukning sé vegna almennrar aukningar í ferðaþjónustu eða vegna framkvæmdanna)	Flugfélag Íslands
	Fjöldi heimsóknna í álver og á virkjunarsvæði	Bein	Fjöldi heimsóknna í Fjarðaál og að Kárahnjúkum eykst eftir að jafnvægi hefur verið náð eftir hápunkt í upphafi.	Á ekki við	
14.1 Virðisauki við þjóðarframleiðslu	Virðisauki, í íslenskum krónum, sem framkvæmdir skapa á Íslandi vegna launa, opinberra gjalda, kaupa á aðföngum og vergs hagnaðar innlendra aðila	Bein	Markmið á ekki við. Vöktun og miðlun upplýsinga.	Á ekki við	
14.2 Magn vöru og þjónustu framleitt á Íslandi	Hlutfall vöru og þjónustu (mælt í verðgildi í íslenskum krónum) sem Fjarðaál, Landsvirkjun og undirverktakar kaupa á Íslandi	Bein	Markmið á ekki við. Vöktun og miðlun upplýsinga.	Á ekki við	
15.1 Fjárhagsstaða sveitarfélaga	Tekjur af framkvæmdum sem hlutfall af heildartekjum sveitarfélaga	Óbein	Hlutfall mun minnka með tímanum	Á ekki við	

## Sjálfbærni-verkefni Alcoa og Landsvirkjunar - Samantekt á markmiðum og viðmiðum

Vísir	Mælikvarði	Áhrif framkvæmda	Markmið	Viðmið	Athugasemdir/Upplýsingaveita
	Hlutfall tekna og gjalda sveitarfélaga (að meðtöldum fjármagnsliðum)	Afleidd	Tekjur og kostnaður í jafnvægi.	Á ekki við	
16.1 Hljóðmengun við Fjarðaál og í Reyðarfirði	Meðal hljóðstyrkur á ákveðnum mælistöðum við Fjarðaál	Bein	Hljóðstyrkur að degi/kveldi/nóttu (db(A))  Álver: 70/70/70  Léttur iðnaður/íbúðarhús: 55/50/40  Eingöngu íbúðarhús: 50/45/40  Sumarhús: 40/35/35	<b>Fjarðaál</b> (Hljóðlíkan): <u>Byggingartími</u> : Minna eða jafnt og 82 db(A) <u>Rekstrartími</u> : Minna eða jafnt og 82 db(A)  65 db (íslensk reglugerð 933 - hámarks hljóðstyrkur í þéttbýli)  90 db(A) OSHA NIOSH staðall fyrir hljóðstyrk á vinnustöðum.	Hljóðlíkan Fjarðaáls (Alcoa, 2005) spáir hámarks hljóðstyrk 80-85 db. Viðmið sem er notað er 82 db.  OSHA: 29 United States Code of Federal Regulation Number 1926.52 - Occupational Noise Exposure
	Meðal hljóðstyrkur á ákveðnum mælistöðvum í Reyðarfirði	Óbein	<u>Byggingartími</u> : Minna eða jafnt og 65 db(A) <u>Rekstrartími</u> : Minna eða jafnt og 55 db(A)	Íslenskar reglugerðir  65 db (íslensk reglugerð 933 - hámarks hljóðstyrkur 65 db í þéttbýli)  70 db Staðall Alþjóðabankans fyrir íbúasvæði	
17.1 Rykmistur	Ákoma ryks á nokkrum stöðum við Háslón og í byggð. Mælieining er ákoma ryks/mánuði.	Óbein	Ryk mun ekki aukast með tímanum (Háslón og Fljótsdalshérað)	Upplýsingar um grunnástand frá 2005 til 2007 (verður safnað af Landsvirkjun, engar fyrri upplýsingar um grunnástand eru til).	

## Sjálfbærni-verkefni Alcoa og Landsvirkjunar - Samantekt á markmiðum og viðmiðum

Vísir	Mælikvarði	Áhrif framkvæmda	Markmið	Viðmið	Athugasemdir/Upplýsingaveita
17.2 Loftmengun	Losun rykagna, brennisteinsdíoxíðs (SO <sub>2</sub> ), flúors (F) og PAH efna (í kg) á hvert tonn áls sem er framleitt.	Bein	<p>Ryk (skv. starfsleyfi): Meðaltal á ári af loftræstingu úr kerskálum: 1 kg fyrir hvert tonn af framleiddu áli</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Meðaltal á mánuði úr kerskálum: 1,3 kg fyrir hvert tonn af framleiddu áli</li> <li>• Útblástursryk frá öðrum stöðum en kerskálum: &lt;50 mg/Nm<sup>3</sup></li> </ul> <p>Heildar flúormagn:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Árleg losun frá kerskálum 0,25 kg á hvert tonn af framleiddu áli</li> <li>• Meðaltal á mánuði af útblæstri 0,8 kg fyrir hvert tonn af framleiddu áli</li> </ul> <p>PAH (Samanburðarskýrsla um mat á umhverfisáhrifum, 2002; Earth Tech, 2003): ,0,01 kg fyrir hvert tonn af framleiddu áli</p> <p>SO<sub>2</sub> (skv. starfsleyfi): Verður ljóst að loknu umhverfismati</p> <p>Öll markmið þarf að endurskoða þegar nýtt umhverfismat verður tilbúið.</p>	<p>Ryk: Árlegt meðaltal 1 kg/tonn áls framleitt (OSPAR)</p> <p>Flúor: 0.5 kg/tonn áls framleitt (OSPAR)</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Heildar F 1,2 pds/tonn áls framleitt (reglur lagðar til af Umhverfisstofnun Bandaríkjanna)</li> <li>• Lægsta F = 0.3 kg/tonn áls framleitt, meðaltal 0.5 (IAI)</li> </ul> <p>Heildarflúorlosun (skv. starfsleyfi): Árlegur útblástur frá kerskálum: 0,30 kg fyrir hvert tonn af framleiddu áli</p> <p>Gaskennt F (HF): 0.4 kg fyrir hvert tonn af framleiddu áli (OSPAR)</p> <p>PAH: ,01 kg fyrir hvert tonn af framleiddu áli (IAI). Dæmigerð losun PAH frá álveri sem notar forbökun skaut er 0.05 kg fyrir hvert tonn af framleiddu áli (IAI)</p>	<p><a href="http://www.ospar.org/documents/dbase/decrecs/recommendations/pr94-01e.doc">www.ospar.org/documents/dbase/decrecs/recommendations/pr94-01e.doc</a></p> <p>PARCOM Recommendation 94/1 on Best Available Techniques for New Aluminum Electrolysis Plants – incorporated into OSPAR in 1996</p> <p><a href="http://www.world-aluminium.org/environment/challenges/emissions.html">http://www.world-aluminium.org/environment/challenges/emissions.html</a></p> <p><a href="http://www.epa.gov/ttn/atw/hlthef/polycycl.html">http://www.epa.gov/ttn/atw/hlthef/polycycl.html</a></p> <p>FR12645 Vol 68, No. 51, 17 March 2003. USEPA Proposed Rule-National Emission Standards for Hazardous Air Pollutants for Primary Aluminum Reduction</p> <p>USEPA National Air Quality Standards (NAAQS)</p>

## Sjálfbærni-verkefni Alcoa og Landsvirkjunar - Samantekt á markmiðum og viðmiðum

Vísir	Mælikvarði	Áhrif framkvæmda	Markmið	Viðmið	Athugasemdir/Upplýsingaveita
17.2 Loftmengun	Styrkur rykagna, SO <sub>2</sub> , F og PAH efna á völdum vöktunarstöðum í Reyðarfirði (µg/m <sup>3</sup> ).	Óbein	Ryk: < 50 mg/Nm <sup>3</sup> (EOP) SO <sub>2</sub> : Árlegur meðalstyrkur < 20 µg/m <sup>3</sup> (EOP)  Gaskennt F: meðal ,0,3 mg/m <sup>3</sup> frá 1. apríl til 30. september á hverju ári. Hugsanlega 0,2 mg/m <sup>3</sup> eftir 48 mánuði í rekstri (skv. starfsleyfi).  Öll markmið þarf að endurskoða þegar nýtt umhverfismat verður tilbúið.	Ryk: 30 mg/ Nm <sup>3</sup> (Alþjóðabankinn)  SO <sub>2</sub> : <ul style="list-style-type: none"> <li>• Árlegur meðalstyrkur &lt; 20 µg/m<sup>3</sup> (Viðmið EC)</li> <li>• &lt; 30 µg/m<sup>3</sup> (íslenskir staðlar)</li> <li>• Árleg meðaltöl fyrir SO<sub>2</sub> 0.03 ppm (Umhverfisstofnun Bandaríkjanna)</li> </ul> Gaskennt F: Meðalstyrkur F á vaxtartímabili <0.3 µg/m <sup>3</sup> (Viðmið frá Noregi)  PAH (Benzo(a)Pyrene (BaP) notað sem staðgengill): <ul style="list-style-type: none"> <li>• Árlegur meðalstyrkur BaP &lt;0.01 µg/m<sup>3</sup> (Viðmið frá Noregi)</li> <li>• Árlegt meðaltal B(a)P 5 ng/m<sup>3</sup> (drög að viðmiðum frá Hollandi)</li> <li>• Árlegt meðaltal B(a)P 1 ng/m<sup>3</sup> (EC tilskipun - markmið fyrir andrúmsloft fyrir ríki í EU. Gengur í gildi 2012)</li> </ul>	Danska umhverfisstofnunin. <a href="http://www.mst.dk/udgiv/publications/1999/87-7909-281-0/html/kap01_eng.htm">www.mst.dk/udgiv/publications/1999/87-7909-281-0/html/kap01_eng.htm</a>  Tilskipun 2004/107/EC sem fjallar um arsenik, kadmíum, kvikasilfur, nikkell og PAH efni í andrúmslofti.
18.1 Rof árbakka Jökulsár á Fljótsdal og Lagarfljóts	Staðsetning árbakka mæld eftir sniðum í árbakka á völdum stöðum	Óbein	Rofhraði mun ekki aukast umfram það sem er, fyrir virkjun.	Athuganir gerðar 2005 og 2007.	

## Sjálfbærni-verkefni Alcoa og Landsvirkjunar - Samantekt á markmiðum og viðmiðum

Vísir	Mælikvarði	Áhrif framkvæmda	Markmið	Viðmið	Athugasemdir/Upplýsingaveita
19.1 Uppsöfnun aurs í Háslóni	Magn (m <sup>3</sup> ) aurs sem safnast upp á 5-10 ára tímabili	Bein	Miðlunarrými mun ekki minnka meira en 20-25% á næstu hundruð árum.	Á ekki við	Miðlunarrými Háslóns er 2.100 milljón rúmmetrar. Í mati á umhverfisáhrifum segir að uppsöfnun aurs muni fylla lónið á 400 árum.
20.1 Frágangur náma og haugsvæða	Hlutfall raskaðs lands sem komið er í sambærilegt horf og áður en framkvæmdir hófust	Bein	<u>Virkjun:</u> Allt land verði endurheimt í það horf sem krafist er af opinberum aðilum.  <u>Álver:</u> Ganga frá röskuðum svæðum	Viðmið eru skráð í útbodsgögnum vegna virkjunar.	
21.1 Flúor í gróðri	Styrkur F í gróðri í völdum gróðurreitum í ákveðinni fjarlægð frá álveri.	Bein	Barrtré, laufré, og grænmeti : >0,4 µg/m <sup>3</sup> Gras: >3 µg/m <sup>3</sup> Fléttur & mosi: >0,3 µg/m <sup>3</sup>  Heimild: AW Davidson and L. Weinstein; EIA, 2001	40 mg/kg (óopinberar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna fyrir jörturdýr)	Mat á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði (2001)
22.1 Mengunarefni í dýralífi sjávar	Styrkur PAH efna (µg/g) og þungmálma (ppm) í lindýrum á völdum stöðum í Reyðarfirði	Óbein	Markmið verður ákvarðað þegar niðurstöður úr grunnrannsóknnum liggja fyrir.	<b>PAHs (mg/kg dw) Lindýr</b> Naphthalene 0,5-5 (p) Phenanthrene 5-50 (p) Anthracene 0,005-0,05 (p) Fluoranthene 1-10 (p) Pyrene 1-10 (p) Benzo[a]anthracene n.d. Chrysene n.d. Benzo[k]fluoranthene n.d. Benzo[a]pyrene 5-50 (p) Benzo[ghi]perylene n.d. Indeno[123-c,d]pyrene n.d. <b>Málmar</b> - Verið að þróa staðla  <b>Heimild: OSPAR, 2004</b>	Sjá skýrslu OSPAR/ICES frá vinnuráðstefnu um hvernig meta eigi mengunarefni í vatni, seti og lífríki (Febrúar, 2004)



## Sjálfbærniverkefni Alcoa og Landsvirkjunar - Samantekt á markmiðum og viðmiðum

Vísir	Mælikvarði	Áhrif framkvæmda	Markmið	Viðmið	Athugasemdir/Upplýsingaveita
22.2 Gæði grunnvatns og yfirborðsvatns við álver	Styrkur (mg/l) fosfórs (P), flúors (F), klórs (Cl) og SO <sub>4</sub> í grunnvatni og yfirborðsvatni á völdum stöðum nálægt álveri og nálægt frárennsli álvers	Óbein	Markmið verður ákvarðað þegar niðurstöður úr grunnrannsóknnum liggja fyrir.	<p>P: &lt;2.5 µg/l (Ekki til bandarískir staðlar fyrir P, þetta er skoskur staðall)</p> <p>F: 20 mg/l (Alþjóðabankinn)</p> <p>Cl: Viðmið fyrir sótthreinsiefni í neysluvatni: 4 mg/líter, „secondary maximum level“: 250 mg/líter (Staðall Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna fyrir neysluvatn - enginn staðall til fyrir Cl í yfirborðsvatni)</p> <p>SO<sub>4</sub>: 250 mg/líter „secondary maximum level“ (Umhverfisstofnun Bandaríkjanna). Ath. að „secondary level“ á ekki við um viðmið sem varða heilsu manna heldur snýr eingöngu að bragði og lykt. Þetta er staðall fyrir neysluvatn - enginn staðall til fyrir SO<sub>4</sub> í yfirborðsvatni.</p> <p>Al: 20 mg/l (íslenskir staðlar)</p> <p>Efnisagnir í sviflausn? („Suspended particles“): 50 mg/l (PA, 2001)</p>	<p>Skoskir staðlar fyrir yfirborðsvatn <a href="http://www.sepa.org.uk/pdf/policies/16v1_1.pdf">http://www.sepa.org.uk/pdf/policies/16v1_1.pdf</a></p> <p>Íslenskir staðlar fyrir yfirborðsvatn - íslensk reglugerð 796 - 29. október 1999.</p> <p>Staðlar Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna á neysluvatni.</p>
22.3 Olíu- og efnalekar sem tengjast framkvæmdum	Fjöldi atvika á ári með lekum yfir 20 lítra og lekum yfir 2000 lítra, bæði á landi (virkjun og álver) og frá flutningaskipum sem eru við festar í höfn Fjarðabyggðar.	Bein	<b>Virkjun og álver:</b> 0 lekar yfir 20 lítrar 0 lekar yfir 2.000 lítrar	<p>Á ekki við - upplýsingum um olíuleka er ekki safnað á landsvísu. Fyrirtæki tilkynna olíuleka til Heilbrigðiseftirlits Austurlands (HAUST) eða íslensku landhelgigæslunnar en gögn eru ekki aðgengileg fyrir almenning</p> <p>„Alcoa Environmental Incident Rate“ (EIR) er að meðaltali 8 lekar á hverjum stað (bæði 20 og 2,000 lítra lekar)</p>	

## Sjálfbærni-verkefni Alcoa og Landsvirkjunar - Samantekt á markmiðum og viðmiðum

Vísir	Mælikvarði	Áhrif framkvæmda	Markmið	Viðmið	Athugasemdir/Upplýsingaveita
23.1 Magn og meðhöndlun úrgangs á byggingar- og rekstrartíma	Heildarmagn úrgangs skilinn eftir/urðar á virkjunarsvæði.	Bein	<u>Virkjun</u> : 0 m <sup>3</sup> af úrgangi skilinn eftir/urðaður á virkjunarsvæði (annað en steypa frá byggingartíma)		
	Heildarmagn úrgangs sem er urðaður á hverju ári		<u>Álver</u> : 0 m <sup>3</sup> af úrgangi urðaður á ári	60 kg fastur úrgangur/ tonn af framleiddu áli (Alþjóðabankinn)	
	Hlutfall úrgangs sem er seldur eða enduruninn á hverju ári	Bein	<u>Virkjun</u> : Endurvinnsla uppfylli að lágmarki endurvinnslumöguleika á svæðinu <u>Álver</u> : Allur úrgangur seldur eða enduruninn á hverju ári	74,8% úrgangs enduruninn, fyrir utan kerfóðringar (reiknað út frá heildarmagn úrgangs sem er seldur eða enduruninn hjá Alcoa í heild árið 2004/ heildar endurvinnslu) -	ALCOA Sustainability Report 2004 <a href="http://www.alcoa.com/global/en/about_alcoa/commitment_to_sustain/sustain_april_2004.asp">http://www.alcoa.com/global/en/about_alcoa/commitment_to_sustain/sustain_april_2004.asp</a>
	Kerbrot sem eru endurnotuð/enduruninn á hverju ári (hlutfall af heild)	Bein	100 % kerbrota endurnotuð/enduruninn	20,67 kg/tonn af framleiddu áli (ALCOA, 2004)	ALCOA Sustainability Report 2004 <a href="http://www.alcoa.com/global/en/about_alcoa/commitment_to_sustain/sustain_april_2004.asp">http://www.alcoa.com/global/en/about_alcoa/commitment_to_sustain/sustain_april_2004.asp</a>
24.1 Heiðagæsir	Fjöldi heiðagæsapara í völdum byggðum á vatnasviðum Jökulsárna á Dal og í Fljótsdal	Bein	Varpfuglum mun ekki fækka um meira en 600 pör	Sveiflur í Íslands/Grænlands stofninum	
	Fjöldi (geldra) heiðagæsa í sárum á Snæfellsöræfum	Óbein	Gæsir í sárum á Snæfellsöræfum munu ekki fækka miðað við fjölda sem talinn var árið 2005.	Sveiflur í Íslands/Grænlands stofninum	
24.2 Hreindýr	Fjöldi hreindýra á Vesturöræfum og á Múla og Hraunum austan Snæfells	Óbein	Ekki meira en 15% fækkun í hreindýrastofninum á Vesturöræfum, Múla og Hraunum austan Snæfells.	Grunnástand.	

## Sjálfbærni-verkefni Alcoa og Landsvirkjunar - Samantekt á markmiðum og viðmiðum

Vísir	Mælikvarði	Áhrif framkvæmda	Markmið	Viðmið	Athugasemdir/Upplýsingaveita
24.3 Varpfuglar á Úthéraði	Atferli lóms - fjöldi skipta sem fuglar sækja fæði í Lagarfljót og fjöldi skipta sem þeir sækja fæði út á haf (eða fjöldi fugla á klukkustund við ána og út á haf)	Óbein	Markmið á ekki við		Grunnrannsóknir frá 2004 og 2005 benda einnig til að lómurinn sæki fæðu sínu fyrst og fremst í hafið. Þessi vísir gæti því verið tekin út við næstu endurskoðun.
	Hávella - dreifing stofns á Úthéraði	Óbein	Dreifing hávelli haldist óbreyttur		
	Fjöldi grágæsa í fellistöðvum á aurum Jökulsár á Dal	Óbein	Fjöldi grágæsa í sárum á aurum Jökulsár á Dal haldist óbreyttur.		
	Fjöldi skúmshreiðra í varplandi á aurum Jökulsár á Dal	Óbein	Fjöldi skúmshreiðra á aurum Jökulsár á Dal haldist óbreyttur.		
25.1 Vatnabúskapur	Vatnshæð og rennsli á mælistöðum í ám	Óbein	Breytingar í vatnshæð verði ekki meiri en spáð er í reiknilíkönunum.		
	Grunnvatnshæð í holum nálægt jökulsánum	Óbein	Breytingar í vatnshæð verði ekki meiri en spáð er í reiknilíkönunum.		
26.1 Gróður á Vesturöræfum	Gróðurþekja.	Óbein	Gróðurþekja haldist stöðug (NDVI vísitala mun ekki lækka og tegundum ekki fækka)	Grunnástand um gróðurþekju (gervihnattamynd frá 2002) og e.t.v. lengra aftur í tímann.  Grunnrannsóknir í gróðurreitum (Landbúnaðarháskóli Íslands)	Upplýsingar um NDVI (Normalized Difference vegetation Index): <a href="http://eobglossary.gsfc.nasa.gov//Library/MeasuringVegetation/measuring_vegetation_2.html">http://eobglossary.gsfc.nasa.gov//Library/MeasuringVegetation/measuring_vegetation_2.html</a>
26.2 Áfok við Háslón	Rúmmál áfoksgeira sem berast upp fyrir austurströnd lónsins	Bein	Engir áfoksgeirar austan lónsins		
26.3 Uppgræðsla lands	Flatarmál uppgrædds lands í Fljótsdalshéraði og í Fljótsdalshreppi, metið á fimm ára fresti	Bein	Fljótsdalshérað: Uppgræðsla 32 km <sup>2</sup> lands  Fljótsdalshreppur: Markmið þarf að þróa í samvinnu við sveitarfélagið		

## Sjálfbærni-verkefni Alcoa og Landsvirkjunar - Samantekt á markmiðum og viðmiðum

Vísir	Mælikvarði	Áhrif framkvæmda	Markmið	Viðmið	Athugasemdir/Upplýsingaveita
27.1 Vatnalíf í Jökulsá á Dal, Lagarfljóti og þverám	Tegundasamsetning og ástand fiskjar í Lagarfljóti (bleikja og urriði)	Óbein	Fiskistofnar haldist stöðugir		
	Tegundasamsetning og útbreiðsla fiska í Jökulsá á Dal og Lagarfljóti og hliðarám þeirra (lax).	Óbein	Fiskistofnar haldist stöðugir		
	Skráning Veidimálastofnunar á veiði í ám, fjöldi fiska	Óbein	Markmið á ekki við. Vöktun og miðlun upplýsinga		Veidimálastofnun
28.1 Botndýralíf sjávar	Botnset. Stærð og dreifing korna í setsýnum	Óbein	Markmið á ekki við. Vöktun og miðlun upplýsinga		Hafrannsóknastofnunin
	Fjölbreytni og þéttleiki botndýra á völdum söfnunarstöðum	Afleidd	Viðhalda fjölbreytni og þéttleika botndýra á söfnunarstöðum.	Niðurstöður úr Héraðsflóa bornar saman við niðurstöður úr Vopnafirði og Seyðisfjarðarflóa til að greina hvaða breytingar megi hugsanlega rekja til virkjunarinnar.	Hafrannsóknastofnunin
29.1 Breytingar á strandlínu og gróðurbreytingar við Héraðsflóa	Staðsetning strandlínu mælt eftir loftmyndum og dýptarmælingum í sniðum	Óbein	Staðsetning strandlínu muni ekki breytast meira en 200 m á einni öld, eins og áætlað er í líkani.		Hafrannsóknastofnunin
	Gróðurþekja við Héraðsflóa	Óbein	NDVI vísitala lækki ekki og tegundum ekki fækka  ATH: þarf að afla betri upplýsinga um hvað er líklegt að gerist.	Grunnupplýsingar um gróðurþekju (gervihnattamynd frá árinu 2002)	Upplýsingar um NDVI (Normalized Difference vegetation Index): <a href="http://eobglossary.gsfc.nasa.gov/Library/MeasuringVegetation/measuring_vegetation_2.html">http://eobglossary.gsfc.nasa.gov/Library/MeasuringVegetation/measuring_vegetation_2.html</a>
30.1 Rennsli fossa	Fjöldi daga með náttúrulegu rennsli í fossum neðan Háslóns	Óbein	Í meðalárum verður náttúrulegt rennsli í fossum í Jökulsá í Fljótsdal frá 10. ágúst til 1. október.		

## Sjálfbærniiverkefni Alcoa og Landsvirkjunar - Samantekt á markmiðum og viðmiðum

Vísir	Mælikvarði	Áhrif framkvæmda	Markmið	Viðmið	Athugasemdir/Upplýsingaveita
31.1 Skerðing víðerna	Skerðing víðerna í km <sup>2</sup> miðað við skilgreiningu í náttúruverndarlögum	Óbein	Flatarmál víðerna mun ekki skerðast eftir lok byggingartíma (á árinu 2007)	Viðmiðunarár	
32.1 Losun gróðurhúsalofttegunda	Losun koldíoxíðs (CO <sub>2</sub> ) og PFC efna frá álveri fyrir hvert framleitt tonn af áli (CO <sub>2</sub> ígildi/tonn).	Bein	1.5 tonn CO <sub>2</sub> / tonn áls framleitt (Sjá samanburðar - skýrslu um mat á umhverfisáhrifum)  0.05 anode effect minutes per pot day (=0.054 CO <sub>2</sub> ígildi/ tonn áls framleitt) eftir að rekstur og ferli hafa náð stöðugleika eftir stillingar í byrjun.	Losun upp á 0.05 anode effect minutes per pot day(=0.054 CO <sub>2</sub> ígildi/ tonn áls framleitt) myndi setja Fjarðaál í hóp fjögurra bestu álvera í heimi hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda (í eftstu 5%)	
	Losun SF <sub>6</sub> vegna leka frá tengivirkjum flutningslína (CO <sub>2</sub> ígildi)	Bein	Minni en 0,5 % leki á ári.	International Electrotechnical Commission (IEC) standard: CEI IEC 62271-203:2003 (High voltage switchgear and control gear - Part 2003: Gas insulated metal-enclosed with gear for rated voltage above 52	

## Sjálfbærni Alcoa og Landsvirkjunar - Samantekt á markmiðum og viðmiðum

Vísir	Mælikvarði	Áhrif framkvæmda	Markmið	Viðmið	Athugasemdir/Upplýsingaveita
